



## SVEITARSTJÓRN GRÍMSNES- OG GRAFNINGSHREPPS

### Fundargerð.

390. fundur sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps var haldinn í stjórnsýsluhúsinu Borg, miðvikudaginn 18. maí 2016 kl. 9.00 f.h.

Fundinn sátu:

Gunnar Þorgeirsson

Ása Valdís Árnadóttir í fjarveru Ingibjargar Harðardóttur

Hörður Óli Guðmundsson

Karl Þorkelsson í fjarveru Sigrúnar Jónu Jónsdóttur

Guðmundur Ármann Pétursson

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Gunnar Þorgeirsson

#### 1. Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 4. maí 2016.

*Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 4. maí 2016 liggur frammi á fundinum.*

#### 2. Fundargerðir.

##### a) Fundargerð 33. fundar atvinnumálanefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 18. apríl 2016.

*Fundargerðin lögð fram til kynningar.*

##### b) Fundargerð 53. fundar fræðslunefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 3. apríl 2016.

*Fundargerðin lögð fram, liður 4 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar þar sem lagt er til að fjöldi skóladaga næsta skólaár verði 179. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fjölda skóladaga skólaárið 2016 til 2017.*

##### c) 110. fundur Skipulagsnefndar Uppsveita, 12. maí 2016.

**Mál nr. 11, 12, og 27 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.**

*Lögð fram 110. fundargerð Skipulagsnefndar Uppsveita, dags. 12. maí 2016. Eftirfarandi dagskrárliðir þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;*

**Mál nr. 11: 1512045 – Álfabyggð Miðengi: Deiliskipulag.**

*Lögð fram að nýju tillaga að deiluskipulagi sem frestað var á fundi sveitarstjórnar þann 4. maí síðastliðinn. Skipulagsnefnd telur að fyrirliggjandi athugasemdir gefi ekki tilefni til breytingar á deiliskipulaginu og mælir með að deiliskipulagið verði samþykkt óbreytt. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða deiliskipulagið.*

**Mál nr. 12: 1604055 – Snæfoksstaðir lóð 103a.**

*Lögð fram umsókn Sólfríðar Guðmundsdóttur dags. 22. Apríl 2016 þar sem óskað er eftir að frístundahúsalóðinni Snæfoksstaðir lóð 103a verði breytt í íbúðarhúsalóð. Að mati nefndarinnar er ekki hægt að breyta lóðinni í íbúðarhúsalóð þar sem svæðið er í aðalskipulagi skilgreint sem*



## SVEITARSTJÓRN GRÍMSNES- OG GRAFNINGSHREPPS

*frístundabyggð því leggur nefndin til að erindinu verði hafnað. Sveitarstjórn samþykkir tillögu nefndarinnar samhljóða.*

**Mál nr. 14: 1604005F - Afgreiðslur byggingarfulltrúa - 16-29 fundur.**

*Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 28. apríl 2016.*

**3. Beiðni Allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis um umsögn frumvarp til laga um grunnskóla 675. mál.**

*Sveitarstjórn gerir athugasemdir við að í frumvarpinu er gert ráð fyrir skyldu sveitarfélaga til að reka frístundaheimili. Í 5. grein frumvarpsins er þetta sett í lög að reka skuli frístundaheimili nauðsynlegt er að tekjur verði tryggðar til sveitarfélaganna svo þetta verkefni geti orðið að veruleika.*

**4. Beiðni Umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis um umsögn um frumvarp til laga um meðhöndlun úrgangs.**

*Frumvarpið lagt fram.*

**5. Beiðni Umhverfis og samgöngunefndar Alþingis um umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Vatnajökulspjóðgarð 673. mál.**

*Frumvarpið lagt fram.*

**6. Beiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi um umsögn vegna leyfis til reksturs gististaðar í flokki II frá Litla Hálsi, Grímsnes- og Grafningshreppi.**

*Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir að leyfi verði veitt en beinir því til Sýslumannsembættisins að afrit af leyfinu verði sent til sveitarfélagsins þegar það verður veitt.*

**7. Erindi Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 2 maí 2016.**

*Fyrirhugað er að skipuleggja uppbyggingu innviða og greiningu. Sveitarstjóri Grímsnes og Grafningshrepps verður tengiliður í þessu verkefni.*

**8. Vorfundur Bergrisans.**

*Fyrir liggur tölvupóstur frá framkvæmdarstjóra Árborgar fyrir hönd Bergrisans bs. um vorfund þann 31. maí næstkomandi kl. 13.30 í Ráðhúsi Árborgar. Sveitarstjórnarmenn hvattir til að sækja fundinn.*

### Til kynningar

- ✓ Fundur 508 fundar stjórnar SASS.
- ✓ Ársskýrsla Orlofs húsmæðra.
- ✓ Minnisblað frá fundi vísindaráðs almannavarna.
- ✓ Fundargerð 838. Fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.
- ✓ Ársyfirlit Tónlistarskóla Árnesinga.
- ✓ Fundargerð Sorpstöðvar Suðurlands.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl. 10.00